



KENNARAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. þ 130/2229
komudagur 28.4.2004

Reykjavík, 28. apríl 2004

Efni: Umsögn Kennaraháskóla Íslands um tvö lagafrumvörp

Óskað hefur verið eftir umsögn Kennaraháskóla Íslands um tvö lagafrumvörp, þ.e. *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1995 með síðari breytingum (878. mál) og Frumvarp til laga um breytingar á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 með síðari breytingum (879. mál).*

Kennaraháskóli Íslands telur jákvætt að fella saman starfsemi Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Hins vegar telur Kennaraháskólinn tæplega nógu langt gengið með fyrirliggjandi frumvörpum. Vel mætti hugsa sér að sameina fleiri háskólastofnanir í einn Landbúnaðarháskóla Íslands sem heyrði undir menntamálaráðuneyti. Hér er fyrst og fremst hugsað til þeirra stofnana sem nefndar eru í 1. grein frumvarps um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, þ.e. Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Með öflugri háskólastofnun sem þannig yrði til mætti styrkja starfsemi þessara skóla á sínum heimaslóðum og þar með landbúnaðarnám á háskólastigi á Íslandi. Hafa verður í huga að háskóli er ekki bundinn tiltekinni staðsetningu heldur byggist á sterkum innviðum og samræmdu skipulagi. Þessu hefur Kennaraháskóli Íslands reynslu af, en hann hefur um árabil rekið kennslu og rannsóknarstarfsemi bæði í Reykjavík og á Laugarvatni.

Kennaraháskóli Íslands vekur einnig athygli á því að hugmyndir um skipan háskólaráðs hins nýja háskóla (sbr. 7. grein frumvarps um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu) eru frábrugðnar því sem tíðkast hefur í íslenskum háskólum. Til þessa hefur verið talið mikilvægt að kennarar og stúdentar viðkomandi háskóla eigi aðild að háskólaráði, en skv. frumvarpinu virðist ekki fyrirhugað að svo verði í hinum nýja háskóla. Kennaraháskóli Íslands telur mikilvægt í hverju háskólaráði komi fram fjölbreytt sjónarmið og að þar séu fulltrúar utan stofnunarinnar sjálfrar en þykir jafnframt nauðsynlegt að háskólakennarar og háskólastúdentar eigi formlega aðild að æðstu stjórnslu skóla síns.

Með kveðju,
f.h. Kennaraháskóla Íslands

Ólafur Proppé rektor